UMHVERFIS STOFNUN

# EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 5/10 2017 Nafn fyrirtækis: Landsvirkjun

Fjöldi klst: Tengiliður fyrirtækis: Einar Erlingsson

Framkvæmdasvæði: Búrfellsvirkjun II Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

**Tilgangur eftirlits:** Almennt eftirlit með framkvæmdinni með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og frágangur vinnusvæða. Fundur um umhverfismál.

## Ábendingar:

Haldinn var fundur á verkstað þar sem farið var yfir forsendur hönnunar, yfirlit umhverfisstjórnunar, rekstur umhverfisstjórnunar verktaka, umhverfisatvik (skráning á olíulekum), stöðu landmótunar og yfirborðsfrágangs og önnur mál. Fyrir fundinn var farið í skoðunarferð um verksvæðið. Engar athugasemdir voru gerðar við framgang verksins.

Ákveðið var að stofna umhverfisráð fyrir framkvæmdaverkefni stækkunar Búrfellsvirkjunar. Tilgangur ráðsins væri að *„styðja við umhverfismarkmið verkefnisins og skapa vettvang fyrir opið samráð við helstu hagsmunaaðila umhverfismála á áhrifasvæði framkvæmdanna*“. Í ráðinu eru formaður umhverfisnefndar Skeiða- og Gnjúpverjahrepps, fulltrúi Umhverfisstofnunar, Landgræðslu ríkisins, Hekluskóga, heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Hafrannsóknarstofnunar.

Einnig var skoðuð grjótnáma við Ísakot með Pétri Jónssyni arkitekt og fjallað um tímabundinn frágang námunnar. Útfærsla verður í höndum Péturs.

UMHVERFIS STOFNUN

| **Frávik:** |
| --- |

**Niðurstaða eftirlits:** Snyrtileg og góð umgengni um vinnusvæðið.

**Fylgiskjöl:**

**Fylgiskjöl:**

---

Björn Stefánsson

______________________________

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.